




NÁMSSKRÁ

GRUNNNÁMSKEIÐ FYRIR FISKVINNSLUFÓLK



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



Nafn námskrár:

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk.

Námskrá númer 160.

Vinnustundir námsmanns:

128 klukkustundir, þar af 48 klst. hjá fræðsluaðila og 80 klst. í starfsþjálfun.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Fjöldi eininga:

Allt að 7 framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

2. útgáfa, 2016.

Formáli

Námsskráin Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk er 128 klukkustundir en var í fyrri útgáfu 40 klukkustundir. Námsskráin sjálf hefur ekki tekið miklum breytingum en búið er að bæta 8 klukkustunda framhaldsnámskeiði við námsskrána. Einnig er búið að bæta við 80 klukkustunda starfsþjálfun. Þannig inniheldur námsskráin 12 námsþætti sem eru í heild sinni 48 klukkustundir auk 80 klukkustunda starfsþjálfun

Fjöldi eininga miðast við vinnutíma námsmanns en engar sérstakar reglur um útreikninga á einingafjölda hafa verið gefnar út fyrir framhaldsfræðsluna en byggt er á útreikningum fyrir framhaldsskóla. Það felur í sér að námsmenn framhaldsfræðslunnar eru ekki að fá einingar fyrir þá starfsreynslu sem þeir hafa með sér inn í námið. Til að meta starfsreynslu sem hluta af vinnutíma námsmanna hefur námsþættinum Starfsþjálfun verið bætt við. Gert er ráð fyrir að langflestir ef ekki allir þátttakendur á námskeiðinu hafi fengið þá þjálfun sem gert er ráð fyrir í þessum námsþætti sem fræðsluaðili getur metið.

Fræðslusjóður fjármagnar þær 48 klukkustundir sem ætlaðar eru í nám sem fer fram hjá viðurkenndum fræðsluaðila en ekki þær 80 klukkustundir sem ætlaðar eru í starfsþjálfun. Auk þess fjármagnar Fræðslusjóður 2 klukkustundir sem ætlaðar eru í umsýslu vegna mats á starfsreynslu, það er mat á námsþættinum Starfsþjálfun. Gert er ráð fyrir að fræðsluaðili taki tíma af heildarlengd námsskrár í kynningu og mat á námi eins og honum finnst þurfa.

Efnisyfirlit

Námsskrá	6
Skipulag	7
Hæfniviðmið náms	7
Námsmat	8
Starfsnám	8
Frjálst val	8
Leiðbeiningar til kennara.....	8
Námsþættir	10
Fiskvinnsla – veiðar, vinnslugreinar og markaðsmál	11
Vinnuaðstaða og líkamsbeiting	12
Öryggi á vinnustað	13
Hreinlæti og gerlagróður	14
Innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtæki	15
Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin	16
Samstarf og samskipti á vinnustað	17
Fjölmennning.....	18
Skyndihjálp	19
Sjálfsstyrking.....	20
Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar	21
Gæði og meðferð matvæla - frá veiðum til vinnslu.....	22
Starfsþjálfun	23
Viðaukar	24
Gátlisti fyrir starfsþjálfun í fiskvinnslu	25
Hæfniviðmið námsþátta.....	26
Hríslistafla	34

Námsskrá

Námsskráin lýsir námi fyrir fiskvinnslufólk á 1. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 13 námsþætti. Námið er ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, það er í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna.

Námið er sniðið að þeim sem eru 18 ára eða eldri og hafa stutta formlega skólagöngu að baki. Fyrirkomulagi námsins er lýst í 18. kafla kjarasamnings SA og Starfsgreinasambandsins/Flóans frá 29. maí 2015. Námið er 128 klukkustunda langt og mögulegt að meta það til 7 eininga á framhaldsskólastigi.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins. Fræðsluaðili tryggir gæði náms og felur starfsfólki á sínum vegum verkstjórn sem felur í sér undirbúning, kynningu, framkvæmd og eftirfylgni námsins. Hann útvegar viðeigandi námsaðstöðu í samráði við stjórnendur á vinnustað, er tengiliður við vinnustað og skipuleggur hversu miklum tíma er varið undir leiðsögn leiðbeinenda/starfsþjálfara annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar. Æskilegt er að samþætta námsþætti eftir föngum og að leiðbeinendur hafi þá í huga alla námsþætti námsskrárinnar. Hvort tveggja er, að gagnlegt er að byggja á þeim þáttum sem þegar hefur verið unnið með og svo næst meiri breidd í námið með víðtækri samþættingu. Einhver heimavinna getur fylgt náminu en getur verið breytileg eftir námsþáttum og einstaklingum. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum. Ljúka þarf námsþáttunum *Fiskvinnsla - veiðar, vinnslugreinar og markaðsmál, Innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtækjum og Hreinlæti og gerlagróður* á undan námsþáttunum *Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar og Gæði og meðferð matvæla - frá veiðum til vinnslu* til að tryggja gæði náms.

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnatriðum við veiðar, vinnslu og meðferð fiskafurða.
- Vinnubrögðum, verkferlum og reglum sem tilheyra starfinu.
- Helstu öryggisatriðum í fiskvinnslu.
- Réttindum og skyldum á vinnumarkaði.
- Umhverfismálum og mikilvægi ábyrgra fiskveiða.
- Mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað.
- Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að vinna í samræmi við hreinlætis- og gæðakröfur.
- Beita líkamanum rétt við vinnu.
- Veita skyndihjálp.
- Beita réttum vinnubrögðum við vinnslu sjávarafla.
- Eiga árangursrík samskipti við samstarfsfólk.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Auka eigin starfshæfni í fiskvinnslu.
- Leysa úr þeim viðfangsefnum/verkefnum sem tilheyra starfi hans.
- Sýna skilning á mikilvægi þess að fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað.
- Vera meðvitaður um eigin áhrif í gæðakeðju fyrirtækisins.
- Tileinka sér jákvætt viðhorf til starfsins.

Námsmat

Námsrángur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsskrár. Námsrángur á að meta með fjölbreyttum matsaðferðum þar sem áhersla er lögð á leiðsagnarmat. Námsmati er ætlað að nýtast bæði sem staðfesting á námsrángri en ekki síður sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum. Lagt er til að námsmenn haldi verkdagbók sem lið í að meta námsframvindu sína. Í verkdagbókina safna námsmenn gögnum úr náminu en það gerir þeim kleift að halda utan um þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir öðlast meðan á náminu stendur. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins.

Starfsnám

Einn hluti námsins er starfsþjálfun (*F-STSH1PJ_8*). Tilgangur þess námshluta er að styðja við yfirfærslu náms á vinnustað og þjálfna þá hæfni og leikni sem námið hefur byggt upp. Fræðsluaðili ásamt vinnuveitanda skipuleggja starfsþjálfun. Einnig er æskilegt að skipuleggja aðra hluta námsins að einhverju leyti sem vinnustaðanámi.

Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Leiðbeiningar til kennara

Lögð er áhersla á samþættingu námsþátta og tengingu við verkefni starfsins. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir (gögn, tæki, skipulag og aðstaða) sem hvetja til náms, auðvelda nám og efla einstaklinginn í að takast á við þau verkefni og hæfniviðmið sem liggja til grundvallar í náminu.

Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst.	Þrep
Fiskvinnsla – veiðar, vinnslugreinar og markaðsmál	F-FIVI1GF_2	4	1
Vinnuaðstaða og líkamsbeiting	F-VILI1VI_2	4	1
Öryggi á vinnustöðum	F-ÖMÁL1ÖR_1	4	1
Hreinlæti og gerlagróður	F-HRGE1HR_1	4	1
Innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtæki	F-INNR1EF_2	4	1
Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin	F-VIVI1LA_3	4	1
Samstarf og samskipti á vinnustað	F-SASK1SA_2	4	1
Fjölmennning	F-FJÖM1FF_1	4	1
Skyndihjálp	F-SKYN2HJ_10	4	2
Sjálfstyrking	F-SJÁS1TR_1	4	1
Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar	F-UMHÁ1FI_2	4	1
Gæði og meðferð matvæla - frá veiðum til vinnslu	F-GMÁL1FI_1	4	1
Starfsþjálfun	F-STSH1ÞJ_8	80	1
Vinnuframlag námsmanns		128	

Fiskvinnsla – veiðar, vinnslugreinar og markaðsmál

Þrep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Fiskvinnsla
Viðfangsefni	Grunnþættir fiskveiða, þróun veiðarfæra og skipagerðir, fiskneysla, sjávarútvegur og þróun á mörkuðum.

Lýsing

Höfuðáhersla er lögð á að efla þekkingu námsmanna á grunnþáttum fiskvinnslu, veiðum og þróun þeirra á Íslandi, veiðarfærum og skipagerðum. Fjallað er um helstu tegundir fiska sem veiðast við Ísland, veiðarfæri eru kynnt og helstu gerðir veiðiskipa ásamt hlutdeild Íslands í heimsaflanum. Fjallað er um algengustu verkanir sjávarfangs, verðmætustu afurðirnar og helstu markaði þeirra. Fjallað er um markaðssetningu fiskafurða, auglýsingar og kynningarmál á innlendum og erlendum mörkuðum. Farið er yfir fiskneyslu víða um heim, og áhersla er lögð á að líta á fiskinn sem fæðu. Fjallað er um þróun nýrra aðferða við veiðar, vinnslu og verðmætaaukningu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnþáttum fiskvinnslu á Íslandi.
- Helstu fisktegundum sem veiðast við Ísland.
- Ólíkum tegundum veiðiskipa og veiðarfæra.
- Verðmæti fiskafurða og helstu mörkuðum.
- Fiski sem fæðu.
- Breytilegum leiðum í markaðssetningu.
- Samspili veiða, meðhöndlunar fisks og markaðsmála.

Vinnuaðstaða og líkamsbeiting

Þrep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Vinnuvernd
Viðfangsefni	Vinnuaðstaða, líkamsbeiting.

Lýsing

Lögð er áhersla á að heilsa og líðan starfsfólks skipti miklu máli fyrir rekstur fyrirtækja og því sé mikilvægt að hönnun og útfærsla á vinnuaðstöðu geti skipt sköpum til að draga úr atvinnusjúkdómum í stoð- og hreyfikerfi líkamans. Fjallað er um líkamsbeitingu við fiskvinnslu og vinnuaðferðir. Farið er yfir stoðkerfi líkamans og rætt um nauðsyn þess að reyna hæfilega á líkamann, sérstaklega hrygg, liði og vöðva.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Stoð- og hreyfikerfi líkamans.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita líkamanum rétt við vinnu.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir áhrifum vinnunnar á líkamann.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar líkamsbeitingar.

Öryggi á vinnustað

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Öryggismál
Viðfangsefni	Öryggi á vinnustað, hlutverk öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarða.

Lýsing

Höfuðáhersla er lögð á öryggi á vinnustað og mikilvægi öryggishugsunar. Fjallað er um lög og reglur, áhættumat fyrir starfsfólk, vinnuumhverfið, hættur og slysavarnir. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að kynna sér leiðbeiningar og öryggisatriði er varða vélar, áhöld og hreinsiefni. Fjallað er um öryggisfatnað, öryggisbúnað og um helstu öryggisráðstafanir vegna elds og ammoníaksleka. Rætt um áhrif hávaða og áhrif lýsingar, um viðbrögð við slysum og tilkynningaskyldu til vinnueftirlits. Farið er yfir ábyrgð atvinnurekanda, yfirmanna og starfsfólks og hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Námsmenn eru hvattir til að sýna ábyrgð með góðri umgengni, kynna sér öryggismál á sínum vinnustað og benda á leiðir til úrbóta ef þörf krefur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Öryggi á vinnustað og vinnuumhverfi.
- Réttum vinnubrögðum við vélar sem notaðar eru í fiskvinnslu.
- Helstu hættum í fiskvinnslu og mikilvægi forvarna.
- Slysavörnum og eldvörnum á vinnustað.
- Mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu.
- Tilkynningarskyldu til vinnueftirlits.
- Hlutverki öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota forvarnir til að forðast slys.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tileinka sér ábyrgð í umgengni á vinnustað.
- Benda á leiðir til úrbóta um öryggi á vinnustað þar sem því er ábótavant.

Hreinlæti og gerlagróður

Þrep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Hreinlæti
Viðfangsefni	Hreinlæti, gerlagróður, gæði afurða.

Lýsing

Höfuðáhersla er lögð á hreinlæti í matvælavinnslu og kröfur opinberra eftirlitsaðila, kaupenda og neytenda í því sambandi. Farið er yfir alla helstu þætti sem hafa áhrif á gerlagróður í fiski, svo sem slæma meðhöndlun, ófullnægjandi þrif, of mikinn hita og fleira sem skapar kjöraðstæður fyrir hvers kyns örverur. Einnig er lögð áhersla á persónulegt hreinlæti þeirra sem starfa við matvælaframleiðslu. Farið er yfir framkvæmd þrifa og leiðbeint um fullnægjandi þvott, sótthreinsun og umgengni í fiskvinnslu. Námsmenn tileinki sér viðhorf þar sem hreinlæti og ábyrg umgengni er höfð að leiðarljósi.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi hreinlætis við matvælavinnslu með tilliti til gæða afurðanna.
- Helstu þáttum sem hafa áhrif á gerlagróður í fiski.
- Kröfum ytri aðila um hreinlæti.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita fullnægjandi þrifum í fiskvinnslu.
- Umgengni sem minnkar áhættu á gerlamengun.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tileinka sér persónulegt hreinlæti í starfi.

Innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtæki

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Innra eftirlit
Viðfangsefni	Eftirlit, HACCP-kerfið.

Lýsing

Í námsþættinum er megináhersla lögð á helstu þætti laga um meðferð sjávarafurða, eftirlit með framleiðslu þeirra ásamt lágmarkskröfum sem gerðar eru um hreinlæti og hollustuhætti við vinnslu matvæla. Kynnt er hvernig HACCP-kerfið er notað við innra eftirlit með ofangreindum þáttum til að tryggja gæði og heilnæmi afurða fyrirtækisins. Unnið er með mælingar og skráningar til að fyrirbyggja hættu, gerð flæðirits og hættugreiningu. Námsmaður öðlast skilning á eigin hlutverki innan fyrirtækis gagnvart innra eftirliti.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- HACCP-gæðakerfinu.
- Opinberum kröfum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.
- Greiningu á hættu, vöktun, skráningu og úrbótum.
- Helstu gerðum flæðirita og tilgangi þeirra.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Gera mælingar og skrá niðurstöður.
- Gera einfalt flæðirit.
- Taka þátt í hættugreiningu.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir skilgreindu hlutverki sínu innan fyrirtækisins gagnvart innra eftirliti.

Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin

Þrep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Vinna og vinnumarkaður
Viðfangsefni	Atvinnulífið, starfsfólkið, launakerfin.

Lýsing

Höfuðáhersla er lögð á að kynna hlutverk aðila vinnumarkaðarins og vinnulöggjöfina. Farið er yfir helstu launakerfi í fiskvinnslu eftir því sem við á. Þá eru námsmönnum kynnt réttindi og skyldur starfsfólks og farið er ítarlega í framkvæmd kjarasamninga, sérstaklega að því er varðar ráðningar, kauptryggingu, launamál, frítökurétt, veikinda- og orlofsrétt og lífeyrismál. Loks er rætt almennt um efnahagsmál og rekstur fyrirtækja.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Réttindum sínum og skyldum á vinnumarkaði.
- Uppbyggingu launakerfisins.
- Framkvæmd kjarasamninga.
- Starfsemi stéttarfélaga.
- Hlutverki aðila á vinnumarkaði og vinnulöggjöf.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Afla sér upplýsinga um launakerfi og kjaramál.

Samstarf og samskipti á vinnustað

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Fiskvinnsla
Viðfangsefni	Samstarf, samskipti.

Lýsing

Lögð er áhersla á mikilvægi starfsánægju og bent á leiðir til að auka hana með því að stuðla að eigin vellíðan og að jákvæðum og heiðarlegum samskiptum. Fjallað er um árangursrík samskipti, ákjósanleg viðbrögð við álagi og um áskoranir við margs konar aðstæður, til dæmis gagnvart einelti á vinnustað, kynferðislegri áreitni og áföllum.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi starfsánægju.
- Aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum.
- Helstu streituvöldum sem hafa áhrif á samskipti og sjálfstraust.
- Afleiðingum eineltis og kynferðislegrar áreitni.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Efla og bæta samskipti við aðra.
- Bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta fyrir starfsánægju.

Fjölmennning

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Fjölmennning
Viðfangsefni	Menning, margmenning, fjölmennning.

Lýsing

Fjallað er um uppruna Íslendinga og menningarsögu landsins. Skilgreind eru hugtökin menning, margmenning og fjölmennning. Fjallað er um fjölbreytileika mannlífs, staðalmyndir, fordóma, ólíka menningarhópa og áhrif þessara þátta á samskipti og almenn lífsgæði.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugtökunum menning, margmenning og fjölmennning.
- Muninum á milli margmenningar og fjölmennningar.
- Fjölbreytileika mannlífs og eigin fordómum.
- Fjölmennningarlegri vitund og jákvæðum áhrifum hennar á eigin lífsgæði.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Eiga samskipti við fólk af ólíkum menningaruppruna.
- Efla samskipti og samstarf á vinnustað.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna fólki af ólíkum menningaruppruna umburðarlyndi.

Skyndihjálpar

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Skyndihjálpar
Viðfangsefni	Fjögur skref skyndihjálpar, grunnendurlífgun, viðbrögð í kjölfar áfalla og slysa.

Lýsing

Höfuðáhersla er lögð á grunnatriði skyndihjálpar og hvernig sinna beri neyðartilfellum í kjölfar slysa, eða við bráðaveikindi, þar til sérhæfð aðstoð berst. Farið er yfir fjögur skref skyndihjálpar; að tryggja öryggi á vettvangi, meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálpar og veita skyndihjálpar. Námsmenn eru þjálfaðir í grunnendurlífgun; að opna öndunarveg, að athuga öndun, að beita hjartahnoði og blástursaðferð og í að nota sjálfvirk hjartastuðtæki (AED). Þeir læra um endurlífgunarkeðjuna, hliðarlegu og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi. Einnig er stutt umfjöllun um innvortis og útvortis blæðingar, bruna, höfuðhögg, brjóstverk (hjartaáfall), bráðaofnæmi og heilablóðfall.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Fjórum skrefum skyndihjálpar.
- Grunnendurlífgun, endurlífgunarkeðjunni, hliðarlegu og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi.
- Viðbrögðum við innvortis og útvortis blæðingum, bruna, höfuðhöggi, brjóstverk, bráðaofnæmi og heilablóðfalli.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Sinna neyðartilfellum í kjölfar slysa eða við bráðaveikindi þar til sérhæfð aðstoð berst.
- Veita grunnendurlífgun þar til sérhæfð aðstoð berst.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta aðstæður á slysstað og bregðast við þeim á viðeigandi hátt.

Sjálfsstyrking

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Sjálfsstyrking
Viðfangsefni	Sjálfsstraust.

Lýsing

Höfuðáhersla er lögð á að efla sjálfsstraust og á mikilvægi sjálfsstrausts í samskiptum. Fjallað er um atriði sem varða sjálfsstyrk í líkamstjáningu og ákjósanleg viðbrögð við gagnrýni og hrósi. Rætt er um mikilvægi þess að geta sett öðrum mörk, að geta sagt nei, að geta beðið um greiða, að geta beðist afsökunar og að geta fyrirgefið.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi jákvæðs sjálfsmats og sjálfsstrausts sem skapar námsmanni aukna vellíðan í daglegu lífi.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Tileinki sér jákvæð viðbrögð við breytilegar aðstæður.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hafa trú á eigin getu.

Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Umhverfismál
Viðfangsefni	Mengun, verndun umhverfis, flokkun, endurvinnsla, nýting, umhverfismerki, ábyrgar fiskveiðar og vottun.

Lýsing

Áhersla er lögð á umhverfið, hvernig við getum lifað í sátt við það og hvaða einföldu aðgerðir er hægt að fara í til að vernda umhverfið. Einnig er fjallað um stöðu umhverfismála í heiminum í dag, hvað þjóðin getur gert, hvað sveitarfélagið getur gert, hvað fyrirtækið getur gert og hvað við sjálf getum gert. Farið er yfir helstu umhverfismerki og fjallað um ábyrgar fiskveiðar, vottanir á þeim og mikilvægi þess að skila auðlindum til afkomenda ekki síðri en við tókum við þeim. Velt er upp spurningum um aðgerðir til að spara og nýta betur auðlindir eins og vatn, hráefni og rafmagn. Fjallað er um leiðir í nýtingu aukaafurða og úrgangs og hvernig hægt er að minnka úrgang og auka flokkun, endurvinnslu og nýtingu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Áhrifum vinnslu og einstaklings á umhverfið.
- Hvað matvælafyrirtæki geta gert fyrir umhverfisstefnu og aukna umhverfisvitund.
- Aðgerðum sem farið er í til að vernda umhverfið gegn mengun.
- Helstu umhverfismerkjum.
- Nauðsyn ábyrgar fisveiðistjórnunar og skynsamlegrar nýtingar auðlindarinnar.
- Hvernig hægt er að fá vottun á ábyrgum fiskveiðum samkvæmt ólíkum stöðlum.
- Aðferðum til að minnka kostnað við sorplosun, vatnsnotkun og rafmagnsnotkun.
- Eigin ábyrgð gagnvart umhverfinu.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta eigið framlag til umhverfismála.
- Auka eigin umhverfisvitund.

Gæði og meðferð matvæla - frá veiðum til vinnslu

Prep	1
Vinnustundir	4
Námsgrein	Gæðamál
Viðfangsefni	Góðir starfshættir, búnaður, áhrif hitastigs, krossmengunarhætta, gæðamat, rekjanleiki.

Lýsing

Megináhersla er lögð á góða starfshætti við veiðar og vinnslu og hvernig öll vinnslukeðjan er ein samhangandi heild. Fjallað er um búnað og rétta meðhöndlun við hausara, flökunar- og roðvélar og snyrtingu. Fjallað um mikilvægi meðferðar á fiski strax eftir veiðar, að slæging, þvottur og ísun í kör sé gerð á réttan hátt. Einnig er fjallað um mikilvægi kælingar/ísunar í gegnum alla keðjuna í móttöku, við vinnslu, í þökkun og í geymslu. Fjallað er um áhrif meðhöndlunar á gæðapætti eins og los, dauðastirðnun í fiski og áhrif utanaðkomandi þátta, svo sem hitastigs á hraða dauðastirðnunar. Farið yfir rekjanleika og mikilvægi merkinga í gegnum vinnslurásina. Þá er hönnun og skipulag húsnæðis skoðað með tilliti til þess að hindra krossmengun og er unnið verkefni í tengslum við það. Kynnt er gæðastuðlaðaferð til að meta aldur og gæði á heilum fiski. Heill fiskur er metinn eftir aðferðinni.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Góðum starfsháttum við veiðar og vinnslu.
- Áhrifum góðra starfshátta á gæði og öryggi hráefnis.
- Mikilvægi merkinga á öllum stigum til að tryggja rekjanleika frá veiðum til kaupanda.
- Áhrifum meðhöndlunar, kælingar/ísunar og hreinlætis á gæði fisks og fiskafurða með tilliti til nýtingar.
- Helstu aðferðum við mat á gæðum hráefnis.
- Hvernig húsnæði er hannað til að fyrirbyggja krossmengun við vinnslu og meðferð matvæla.
- Sambandi hreinlætis og kælingar og áhrif þess á geymslupól.
- Hvernig meta á gæði á heilum fiski með gæðastuðlaðaferð.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Skynmeta heilan fisk.
- Meta hættu á krossmengun.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Útskýra tilgang fyrirbyggjandi aðgerða í meðferð fiska og fiskafurða alveg frá veiðum til kaupanda.

Starfspjálfun

Prep	1
Vinnustundir	80
Námsgrein	Fiskvinnsla
Viðfangsefni	Starfspjálfun.

Lýsing

Tilgangur þessa námshluta er að styðja við yfirfærslu náms á vinnustað og þjálfar þá þekkingu, leikni og hæfni sem byggð hefur verið upp í náminu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa þekkingu og skilning á:

- Samspili veiða, meðhöndlunar, gæða og markaðsmála.

Námsmaður skal hafa leikni í að:

- Vinna í samræmi við öryggis-, hreinlætis- og gæðakröfur.
- Eiga árangursrík samskipti við samstarfsfólk.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nýta góða starfshætti við meðferð hráefna og fiskafurða.
- Fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað.
- Leysa verkefni í fiskvinnslu með fullnægjandi hætti.

Viðaukar

Viðaukar
Gátlisti fyrir starfsþjálfun í fiskvinnslu
Hæfniviðmið námsþátta
Hríslistafla

Gátlisti fyrir starfsþjálfun í fiskvinnslu

Hæfni í starfi

- ☐ Þekkir grunnþætti fiskvinnslu á Íslandi.
- ☐ Beitir réttum vinnubrögðum við vinnslu sjávarafla.
- ☐ Þekkir helstu fisktegundir sem eru til vinnslu.
- ☐ Starfar í samræmi við vinnureglur í fyrirtækinu.
- ☐ Þekkir samspil veiða, vinnslu, gæða og markaðsmála.
- ☐ Notar góða starfshætti við meðferð hráefna og fiskafurða.
- ☐ Skilur hlutverk sitt gagnvart innra eftirliti og gæðum afurða.
- ☐ Vinnur með mælingar og skráningar eftir fyrirmælum í HACCP-kerfinu.
- ☐ Vinnur eftir reglum og öryggiskröfum.
- ☐ Bendir á leiðir til úrbóta í öryggi ef því er ábótavant.
- ☐ Beitir líkamanum rétt við vinnu.
- ☐ Tileinkar sér ábyrgð í umgengni á vinnustað
- ☐ Tileinkar sér persónulegt hreinlæti í starfi.
- ☐ Sýnir samstarfsfólki umburðarlyndi.
- ☐ Trúir á eigin getu.
- ☐ Er meðvitaður um eigin ábyrgð í umhverfismálum fyrirtækisins.

Starfsmannamál

- ☐ Kynning á starfsemi fyrirtækis.
- ☐ Aðstaða s.s. salerni, bílastæði, kaffiaðstaða, mötuneyti, reykaðstaða.
- ☐ Gildi fyrirtækisins, markmið og helstu viðfangsefni.
- ☐ Vinnufatnaður, þrif og umgengni.
- ☐ Mikilvægir tengiliðir og símanúmer.

Öryggis- og heilbrigðismál

- ☐ Grunnvinnureglur um öryggi og heilbrigði.
- ☐ Rýmingarleiðir og söfnunarsvæði.
- ☐ Notkun öryggis og persónuhlífa.

Farið hefur verið yfir öll atriðin á gátlistanum og merkt við. Á síðasta degi í starfsnáminu er gott að fara yfir hluti sem starfsþjálfari og/eða námsmaður vilja fara betur yfir.

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift nema: _____

Undirskrift starfsþjálfara: _____

Starfsþjálfari: Merkið við og skilið undirrituðu eyðublaði til fræðsluaðila.

Hæfniviðmið námsþátta

Fiskvinnsla – veiðar, vinnslugreinar og markaðsmál – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Grunnþáttum fiskvinnslu á Íslandi.				
Helstu fisktegundum sem veiðast við Ísland.				
Ólíkum tegundum veiðiskipa og veiðarfæra.				
Verðmæti fiskafurða og helstu mörkuðum.				
Fiski sem fæðu.				
Breytilegum leiðum í markaðssetningu.				
Samspili veiða, meðhöndlunar fisks og markaðsmála.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Öryggi á vinnustað – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Öryggi á vinnustað og vinnuumhverfi.				
Réttum vinnubrögðum við vélar sem notaðar eru í fiskvinnslu.				
Helstu hættum í fiskvinnslu og mikilvægi forvarna.				
Slysavörnum og eldvörnum á vinnustað.				
Mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu.				
Tilkynningarskyldu til vinnueftirlits.				
Hlutverki öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota forvarnir til að forðast slys.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Tileinka sér ábyrgð í umgengni á vinnustað.				
Benda á leiðir til úrbóta um öryggi á vinnustað þar sem því er ábótavant.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Hreinlæti og gerlagróður – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mikilvægi hreinlætis við matvælavinnslu með tilliti til gæða afurðanna.				
Helstu þáttum sem hafa áhrif á gerlagróður í fiski.				
Kröfum ytri aðila um hreinlæti.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Beita fullnægjandi þrifum í fiskvinnslu.				
Umgengni sem minnkar áhættu á gerlamengun.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Tileinka sér persónulegt hreinlæti í starfi.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtæki – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
HACCP-gæðakerfinu.				
Opinberum kröfum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.				
Greiningu á hættu, vöktun, skráningu og úrbótum.				
Helstu gerðum flæðirita og tilgangi þeirra.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Gera mælingar og skrá niðurstöður.				
Gera einfalt flæðirit.				
Taka þátt í hættugreiningu.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Gera sér grein fyrir skilgreindu hlutverki sínu innan fyrirtækisins gagnvart innra eftirliti.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin – þrep 1

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Réttindum sínum og skyldum á vinnumarkaði.				
Uppbyggingu launakerfisins.				
Framkvæmd kjarasamninga.				
Starfsemi stéttarfélaga.				
Hlutverki aðila á vinnumarkaði og vinnulöggjöf.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Afla sér upplýsinga um launakerfi og kjaramál.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Vinnuaðstaða og líkamsbeiting – þrep 1

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Stoð- og hreyfikerfi líkamans.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Beita líkamanum rétt við vinnu.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Gera sér grein fyrir áhrifum vinnunnar á líkamann.				
Gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar líkamsbeitingar.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Samstarf og samskipti á vinnustað – þrep 1

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mikilvægi starfsánægju.				
Aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum.				
Helstu streituvöldum sem hafa áhrif á samskipti og sjálfstraust.				
Afleiðingum eineltis og kynferðislegrar áreitni.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Efla og bæta samskipti við aðra.				
Bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Gera sér grein fyrir mikilvægi góðra samskipta fyrir starfsánægju.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Fjölmenning – þrep 1

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Hugtökunum menning, margmenning og fjölmenning.				
Muninum á milli margmenningar og fjölmenningar.				
Fjölbreytileika mannlífs og eigin fordómum.				
Fjölmenningarlegri vitund og jákvæðum áhrifum hennar á eigin lífsgæði.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Eiga samskipti við fólk af ólíkum menningaruppruna.				
Efla samskipti og samstarf á vinnustað.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Sýna fólki af ólíkum menningaruppruna umburðarlyndi.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Skyndihjálpar – þrep 1

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Fjórum skrefum skyndihjálpar.				
Grunnendurlífgun, endurlífgunarkeðjunni, hliðarlegu og losun aðskotahlutar úr öndunarvegi.				
Viðbrögðum við innvortis og útvortis blæðingum, bruna, höfuðhöggi, brjóstverk, bráðaofnæmi og heilablóðfalli.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:				
Sinna neyðartilfellum í kjölfar slysa eða við bráðaveikindi þar til sérhæfð aðstoð berst.				
Veita grunnendurlífgun þar til sérhæfð aðstoð berst.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:				
Meta aðstæður á slyssað og bregðast við þeim á viðeigandi hátt.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Sjálfsstyrking

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mikilvægi jákvæðs sjálfsmats og sjálfstrausts sem skapar námsmanni aukna vellíðan í daglegu lífi.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:				
Tileinka sér jákvæð viðbrögð við breytilegar aðstæður.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:				
Hafa trú á eigin getu.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Áhrifum vinnslu og einstaklings á umhverfið.				
Hvað matvælafyrirtæki geta gert fyrir umhverfisstefnu og aukna umhverfisvitund.				
Aðgerðum sem farið er í til að vernda umhverfið gegn mengun.				
Helstu umhverfismerkjum.				
Nauðsyn ábyrgðar fiskveiðistjórnunar og skynsamlegrar nýtingar auðlindarinnar.				
Hvernig hægt er að fá vottun á ábyrgðum fiskveiðum samkvæmt ólíkum stöðlum.				
Aðferðum til að minnka kostnað við sorplosun, vatnsnotkun og rafmagnsnotkun.				
Eigin ábyrgð gagnvart umhverfinu.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Meta eigið framlag til umhverfismála.				
Auka eigin umhverfisvitund.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Gæði og meðferð matvæla, frá veiðum til vinnslu – þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Góðum starfsháttum við veiðar og vinnslu.				
Áhrifum góðra starfshátta á gæði og öryggi hráefnis.				
Mikilvægi merkinga á öllum stigum til að tryggja rekjanleika frá veiðum til kaupanda.				
Áhrifum meðhöndlunar, kælingar/ísunar og hreinlætis á gæði fisks og fiskafurða með tilliti til nýtingar.				
Helstu aðferðum við mat á gæðum hráefnis.				
Hvernig húsnæði er hannað til að fyrirbyggja krossmengun við vinnslu og meðferð matvæla.				
Sambandi hreinlætis og kælingar og áhrif þess á geymslupól.				
Hvernig meta á gæði á heilum fiski með gæðastuðlaaðferð.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Skynmeta heilan fisk.				
Meta hættu á krossmengun.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Útskýra tilgang fyrirbyggjandi aðgerða í meðferð fiska og fiskafurða alveg frá veiðum til kaupenda.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Hríslista

		Fiskvinnsla – veiðar, vinnslugr. og markaðsmál	Vinnuáðstaða og líkamsbeiting	Öryggi á vinnustöðum	Hreinlæti og gerlagróður	Innra eftirlit í fiskvinnslu-fyrirtækjum	Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin	Samstarf og samskipti á vinnustað	Fjölmennig	Skyndihjálp	Sjálfstyrking	Umhverfismál og ábyrgar fiskveiðar	Gæði og meðferð matvæla	Starfsþjálfun
Þekking	Grunnatriði við veiðar, vinnslu og meðferð fiskafurða	X										X	X	X
	Vinnubrögðum, verkferlum sem tilheyra starfinu					X						X	X	X
	Helstu öryggisatriðum í fiskvinnslu			X										X
	Réttindum og skyldum á vinnumarkaði						X							X
	Umhverfismálum og mikilvægi ábyrgra fiskveiða											X		X
	Mikilvægis góðs sjálfstrausts í samskiptum							X			X			X
Leikni	Fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað			X	X	X							X	X
	Vinna í samræmi við hreinlætis- og gæðakröfur				X	X								X
	Beita líkamanum rétt við vinnu												X	X
	Veita skyndihjálp									X				X
	Beita réttum vinnubrögðum við vinnslu sjávarafla		X			X							X	X
	Eiga árangursrík samskipti við samstarfsfólk							X	X		X			X
Hæfni	Auka eigin starfshæfi í fiskvinnslu	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
	Leysa úr þeim viðfangsefnum/verkefnum sem tilheyra starfi hans.	X			X	X								X
	Sýna skilning á mikilvægi þess að fylgja fyrirfram ákveðnum verkerlum og reglum á vinnustað.	X			X	X								X



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI